

BORGARRÁÐ 30. júní 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um nýtingu frístundastyrks - MSS22060235

Lagt er til að borgarráð samþykki að farið verði í sérstakt átak, maður á mann átak, til að bæta nýtingu frístundastyrksins í hverfi 111 og einnig í hverfi 116 en þar er nýting einnig lág eða 50% hjá strákum. Nýting styrksins í hverfi 111 er 59% en 97% í hverfi 103 samkvæmt síðustu tölum. Í hverfi 111 býr fátækasta fólkið í borginni og þar búa flestir innflytjendur. Bæði hverfi eru gömul og gróin hverfi. Flokkur fólksins leggur til að skólasamfélagið komi hér inn í samvinnu við skóla- og frístundasvið, ÍTR og foreldra. Misgóð nýting frístundastyrks eftir hverfum er gamalt vandamál sem ekki hefur verið tekið á. Einhverjar ástæður liggja hér að baki sem þarf að rannsaka, finna þarf rótina og leysa vandann en umfram allt setjast niður með hverju og einu barni og hvetja það til að finna tómstund við hæfi eða íþrótt til að stunda. Því fleiri möguleikar á vali og sveigjanleiki í tímalengd námskeiða því meiri líkur á að krakkar finni notagildi í styrknum. Eins og reglur eru núna eru krafan um átta vikna námskeið til að nota styrkinn íþyngjandi. Færa þarf viðmiðið niður í tvær vikur til að hægt sé að nota styrkinn á sumarnámskeið. Það eru ekki öll börn sem vilja eða geta bundið sig í átta vikna námskeið sem eru auk þess dýrari en styttri námskeið. Efnaminni foreldrar hafa ekki alltaf ráð á að greiða mismuninn.

Greinargerð:

Frístundakortið er sérstaklega ætlað til að auka jöfnuð og fjölbreytileika tómstundastarfs en hefur aldrei verið fullnýtt. Á COVID tíma var það eðli málsins samkvæmt ekki fullnýtt. Tilgangur þess, eins og segir í 2. gr. í reglum um frístundakort, er að öll börn, 6-18 ára, í Reykjavík geti tekið þátt í frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Það verður að breyta reglum og skilyrðum kortsins/styrksins ef hann á að nýtast sem jöfnunartæki. Þær þarf að rýmka enn meira, þannig að hægt sé að nota styrkinn á öll námskeið á vegum Reykjavíkurborgar, stutt sem löng.